

67. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs 17. nóvember 2010 kl. 17.00

Mætt: Pétur Hrafn Sigurðsson, Sveinbjörn Strandberg, Helga Reinhardsdóttir og Hrafn Sveinbjarnarson Héraðsskjalavörður.

### 1. Fjármál

Farið í gegn um stöðuna hjá safninu. Ekki margir möguleikar til niðurskurðar þar sem fastir kostnaðarliðir hafa hækkað verulega s.s. húsaleiga, rafmagn og væntanleg launatengd gjöld. Enn fremur er fyrirsjáanleg helmingslækkun á framlagi Þjóðskjalasafnsins til Héraðsskjalasafns Kópavogs. Héraðsskjalavörður Kópavogs í samfloti við aðra Héraðsskjalaverði hefur mótmælt þessum niðurskurði.

Rætt var um nauðsynleg kaup á öskjum á næsta ári og bent á að öskjurnar hafa verið nýttar af öðrum stofnunum Kópavogsbæjar. Fjárhagsáætlun verður lögð fyrir næsta fund stjórnar

### 2. Húsnæðismál

Kynntur vinnuhópur sem skipaður hefur verið til að fjalla um flutning safnsins í hentugra húsnæði.

### 3. Starfið framundan

Stjórn leggur áherslu á að unnið verði að skjalavistunaráætlun fyrir allar stofnanir Kópavogsbæjar, enda er það eitt af meginhlutverkum Héraðsskjalasafnsins. Slíkar áætlanir hafa ekki verið unnar. Héraðsskjalavörður mun vinna að framkvæmdaáætlun um skjalavistun innan Kópavogs og kynna fyrir stjórn.

Héraðsskjalavörður skýrði frá því að Guðlaugur R. Guðmundsson hefði fengið styrk frá Lista og menningarráði til að gefa út örnefnaskrá fyrir Kópavog. Stjórn Héraðsskjalasafnsins fagnar þeirri niðurstöðu og samþykkir að starfsmenn safnsins verði Guðlaugi innan handar við verkið.

### 4. Norrænn skjaladagur

Norræni skjaladagurinn var haldinn 13. nóvember í Borgarskjalasafninu og flutti Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður erindi þar.

### 5. Önnur mál

Skýrsla frá kynnisferð héraðsskjalavarða í Danmörku verður lögð fyrir næsta stjórnarfund.

Ræddar athugasemdir héraðsskjalavarðar Kópavogs, Borgarskjalavarðar og héraðsskjalavarðar Árnesinga vegna upplýsingalaga.

Næsti fundur verður haldinn 13. desember kl. 17.00